

10. gr.

Nú kemur við eftirlit í eldisstöð ekki í ljós neinn smitsjúkdómur eða grunur um smitsjúkdóm, og er þá héraðsdýralækni rétt að láta eiganda klak- og eldisstöðvar í té tímabundið vottorð um það. Slik vottorð veita rétt til sölu á hrognum og fiski innanlands.

Óheimillt er að flytja hrogn eða vatnafisk úr landi nema að fengnu leyfi Fisk-sjúkdómanefndar. Öllum slíkum sendingum skulu fylgja vottorð í samræmi við þau skilyrði, sem heilbrigðisvottorð í viðkomandi landi gera kröfur um.

11. gr.

Um brot samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt XVI. kafla laga, nr. 76 20. júní 1970, um lax- og silungsveiði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum, nr. 76 20. júní 1970, um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 71.

20. marz 1972.

REGLUGERÐ

fyrir Rafveitu Patrekshrepps.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Patrekshrepps er fyrirtæki, sem Patrekshreppur starfrækir í þeim tilgangi að veita raforku um hreppiun og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annarra þarfa.

Rafveitan er eign hreppsins, en er sjálfstætt fyrirtæki með nafninu: Rafveita Patrekshrepps, og hefur sérstakt reikningshald.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Patrekshrepps aflar raforku til almenningsþarfa í hreppnum, með því að vinna hana sjálf í orkuverum eða kaupa frá öðrum og veita þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Patrekshrepps og sá hluti nágrennis hreppsins, sem hreppsstjórn ákveður og ráðherra samþykkir.

Rafveita Patrekshrepps hefur einkarétt til sölu á raforku beint til raforkunotenda á orkusvæði sínu.

3. gr.

Stjórn raforkumála. Rafveitustjóri.

Yfirstjórn raforkumála hreppsins er í höndum hreppsnefndar, en framkvæmdarstjórnin skal falin rafveitunefnd.

Rafveitustjóri er framkvæmdarstjóri rafveitunnar sem hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum rafveitunefndar, og skal hann um rafmagnssérmenntun fullnægja skilyrðum til háspennulöggildingar a. m. k. Hreppsnefnd setur honum erindisbréf.

Í rafveitunefnd eiga sæti 3 menn, kosnir af hreppsnefnd. Rafveitustjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

4. gr.

Verksvið rafveitunefndar.

Rafveitunefnd hefur á hendi stjórn rafveitunnar, og sér um viðhald hennar og umbætur og allt, er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Hún skal gefa hreppsnefnd þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand rafveitunnar og leggja ársreikning hennar fyrir hreppsnefnd, til úrskurðar samtímis ársreikningum hreppsins.

Rafveitunefnd semur nánari reglur, sem hreppsnefnd skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Hún gerir einnig tillögur til hreppsnefndar um gjaldskrá fyrir rafveituna, undirbýr samninga um orkukaup og orkusölu og annast framkvæmdir allra raforkumála hreppsins.

Rafveitunefnd skipar alla fasta starfsmenn rafveitunnar, að fengnum tillögum rafveitustjóra, og setur þeim erindisbréf.

5. gr.

Verksvið rafveitustjóra.

Rafveitustjóri stjórnar daglegri starfrækslu rafveitunnar, eftirliti á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefur eftirlit með rafmagnslagningu á orkuveitusvæðinu, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem veitan kaupir eða selur.

Rafveitustjóri ræður verkamenn og starfsmenn veitunnar, svo sem þörf er á, en fasta starfsmenn samkvæmt samþykki rafveitunefndar.

6. gr.

Reikningshald og ráðstöfun tekna.

Rafveita Patreksahrepps hefur reikningshald og tekur sjálf við greiðslum fyrir raforku og öðrum tækjum. Skal tækjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvilandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhaldi og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að tryggja öruggan rekstur rafveitunnar, en tækjum, sem umfram kunna að verða ráðstafar hreppsnefnd.

Bókhald og sjóður rafveitunnar, skal unnið og varðveittur samkvæmt nánari reglum, sem hreppsnefnd setur að tillögum rafveitunefndar.

7. gr.

Löggilding rafvirkja. Raflagningarreglur.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að engir aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til þess löggiltir, megi taka að sér lagningu á húsveitu og uppsetningu véla og tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við taugakerfi rafveitunnar. Hreppsnefnd setur löggildingarskilyrði, löggildir menn og setur reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, sem falla undir verksvið þeirra, allt að fengnum tillögum rafveitustjóra.

Eigi má löggilda sérstaklega aðra en þá, sem áður hafa hlotið löggildingu rafmagnseftirlits ríkisins og ekki setja kröfuminni reglur um raflagningar en rafmagnseftirlit ríkisins gerir.

B. SÖLUSKILMÁLAR

8. gr.

Sala raforku.

Rafveita Patrekshrepps selur raforku til almenningsþarfa á orkuveitusvæði sínu, alls staðar þar sem taugakerfi hennar nær til, með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og gjaldskrá rafveitunnar á hverjum tíma.

Raforkan er seld sem ein- eða þrífasa riðstraumur, með 220 volta málspennu og 50 riðum á sekúndu. Þegar sérstakar ástæður mæla með, má rafveitustjóri láta í té orku með annarri spennu og annarri straumtegund.

9. gr.

Umsókn um kaup á raforku.

Hver, sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætluð umsóknareyðublöð, er fást á skrifstofu rafveitunnar, og skal hann skuldbinda sig með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá rafveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

10. gr.

Umsókn um heimtaug.

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni, að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá rafveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign rafveitunnar, enda þótt heimtaugargjaldið hafi verið greitt eftir kostnaði heimtaugar. Rafveitan annast viðhald og endurnýjun heimtaugar án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu, og ef ofanjarðarheimtaug er breytt í neðanjarðar, skal húseigandi greiða mismun, sem ákveðinn er í gjaldskrá. Rafveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og rafveitan þarf, til þess að fullnægja henni, sérstaklega að auka háspennukerfi, auka aflspennistöðvar eða gera meiri háttar viðbætur í lágspennukerfi, er rafveitustjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjanda um tiltekið notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

11. gr.

Húsveitur.

Skylt er að láta löggiltan rafvirkja eða rafveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir eða breytingar eða viðgerð á raflögn.

Löggiltir rafvirkjar annast umsóknir og tilkynningar til rafveitunnar um allar raflagnir fyrir hönd húseiganda eða notanda, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagningar í Patrekshreppi, en rafveitan annast úttekt á öllum nýlagningum, viðaukum og breytingum á raflögnum

Engir aðrir en umboðsmenn rafveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, sem úttektarskyld er fyrr en úttekt hefur farið fram og veitan verið tengd af umboðsmönnum rafveitunnar.

Sé út af þessu brugðið, varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafvirkja, er sá um verkið.

Rafveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingu.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki taugakerfi rafveitunnar ofviða, og þar sem hætta kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

12. gr.

Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.

Veitur, sem að jafnaði nota raforku annars staðar að en frá rafveitunni, má tengja við taugakerfi hennar í því skyni, að rafveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara með því skilyrði, að greitt sé lágmarksárgjald, sem svarar til þeirrar kvaðar, sem hvílir á rafveitunni vegna tengingarinnar.

Framsala til annarra á raforku, sem keypt er af rafveitunni, er óheimil án leyfis rafveitustjóra.

13. gr.

Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð rafmagnseftirlits ríkisins og í reglugerðum rafveitunnar um raflagnir.

Rafveitustjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á raforku, og skulu starfsmenn rafveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna eða hluta hennar eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að tíringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað á sinn kostnað láta löggiltan rafvirkja lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun, sem framkvæmd er af rafveitunni, rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafvirkja, á húsveitu eða tækjum, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta gera við gallann á sinn kostnað. Viðgerðin skal framkvæmd af löggiltum rafvirkja.

Rafveitustjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt, eða látið gera við galla á kostnað eiganda.

Húseiganda er skylt að sjá um, að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með þá sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið er í gjaldskrá vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki og reglugerðum og öðrum fyrirmælum um Rafveitu Patrekshrepps.

14. gr.

Mælitæki.

1. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir húsveitu, svo og stað fyrir þau og um tengingu.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækinu, svo og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og hefur sagt upp notkuninni með þeim fyrirvara, sem um getur í 19. gr.

Rafveitan leggur til öll mælitæki og annast um venjulegt viðhald þeirra og endurnýjuu á sinn kostnað. Nú verður mælitæki fyrir óvenjulegu hjaski eða skemmdum, og er þá heimilt að gera notanda að greiða kostnað við viðhald þess eða endurnýjun.

2. Ef notandi óskar, að mælitækið sé leiðrétt, skal hann senda skriflega beiðni um það til rafveitunnar.

Ef þá kemur í ljós við athugun mælitækis, að mesta skekkja sé $\pm 5\%$ eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkja meiri, skal rafveitan bera kostnað af prófuninni.

Ef notandi vefengir árangur prófunarinnar, skal leita úrskurðar rafmagns- eftirlits ríkisins, og er hann bindandi fyrir báða aðila. Kostnað við það skal notandi greiða, ef skekkjan reynist minni en $\pm 5\%$, en rafveitan annars.

Hafi kwst.mælir sýnt $\pm 5\%$ skekkju eða meira, skal rafveitan áætla leiðréttingu á reikningi rafmagnsnotanda miðað við fyrri notkun, og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eftir því, sem næst verður komizt, þó ekki fyrir lengra tímabil en 3 mánuði, nema notandi geta sannað, að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

3. Notandur, sem hafa hemil eða rofa, eiga ekki rétt á neinni endurgreiðslu á föstu verði, þótt þeir telji sig ekki hafa getað náð því afli, sem fasta greiðslan er miðuð við, en rafveitunni er skylt að leiðrétta skekkju hemilisins eða rofans svo fljótt, sem við verður komið.

Ef hemill notanda brennur sundur með stuttu millibili og ástæða er til að ætla, að of mikið sé lagt á hann að staðaldri, hefur rafveitan rétt til að neita um hemil og gera notanda að skilyrði að kaupa orkuna eftir öðrum gjaldskrárlíð.

4. Ef notandi hefur aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er rafveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
5. Ef svo reynist, að notkun hafi orðið meiri en álestur sýnir eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur rafveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er.
6. Verði uppvist, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið eða raskað hefur verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal rafveitan áætla þann straum, sem notaður hefur verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann þrefalt verð eftir gjaldskrá fyrir allan tímann, sem líðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til er leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Ef ekki eru fyrir hendi sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru.

Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerzt.

15. gr.
Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur rafveitan krafizt tryggingar fyrir skilvisri greiðslu. Ef rafmagnsnotkun um mælitækið nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er rafveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er rafveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni eða breyta tengingu hennar.

16. gr.
Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforku skal að jafnaði afhentur í húsnæði því, þar sem raforkan er notuð, og er reikningurinn fallinn í gjalddaga undir eins og krafði er um greiðslu. Nánari reglur um inahheimtu og um gjalddaga má þó setja í gjaldskrá.

17. gr.
Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt þegar greiðslu er krafizt, getur rafveitan sent gjaldanda tilkynningu eða afhent hana í húsnæði því, er veita hans er í, um að hann verði að greiða gjaldið til skrifstofu rafveitunnar innan viku. Dragist greiðsla lengur, er heimilt að taka straum af veitunni, en þó ekki fyrr en þremur dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum eða afhent í húsnæði því, sem veita hans er í.

Rafveitunni er heimilt að loka veitunni og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki:

- Þegar notandi, þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörun, sem að framan er greind, hefur ekki greitt reikning frá rafveitunni sem fallinn er í gjalddaga.
- Þegar ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
- Þegar notandi hefur gerzt brotlegur við reglugerð þessa.

Lokun fyrir veitu af þessum ástæðum losnar notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunartímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda má að jafnaði ekki opna aftur, nema:

- Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því, að skuldin verði greidd;
- að greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar samkv. gjaldskrá;
- að trygging sé sett fyrir skilvisri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi raforku óskar eftir, að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald, samkvæmt gjaldskrá, fyrir enduropnun veitunnar, svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan var ekki í notkun.

Enginn má framkvæma enduropnun veitu, nema þeir, sem rafveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið á móti þessu, skal farið með það sem endurtekna, óleyfilega stramaotkun samkv. 14. gr.

18. gr.
Rekstrartruflanir.

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefur ekki í för með sér neinar skaðabótaskyldur á hendur rafveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur, eins fljótt og auðið er.

Notendur eiga ekki rétt á endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma, að öðru leyti en því, sem segir síðar um endurgreiðslu fastagjalds, og rafveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim, og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotenda.

Rafveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerðar og viðhalds eða eftirlits á helgum dögum á þeim tímum, sem heimilisnotkun er almennt minnst, og að nóttu til í maí—júli, svo og endranær, þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimitaugar eða götutaugar, er rafveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er, til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á raforku um langan eða skamman tíma, ákveður hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hver notkun skuli takmörkuð fyrst og á hvern hátt.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrir fram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur rafveitunni, þótt straumur hafi verið tekinn af fyrirvaralaust.

Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan dag, er þeir missa raforku vegna stöðvunar eða truflunar á rekstri, þó eigi skemmri tíma en tvo sólarhringa.

19. gr.

Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutning eða breytingu á notkun.

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á eftir nýjum lið gjaldskrár rafveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti eitt ár, nema um sé að ræða bráðabirgðalagnir eða tilraunataxta, sem eru fullreyndir á skemmri tíma. Þó getur rafveitustjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu þegar sérstaklega stendur á.

Þegar ár er liðið, getur notandi sagt upp notkuninni með eins mánaðar fyrirvara, ef ekki er um annað samið eða annað ákveðið í gjaldskrá rafveitunnar. Skal uppsögn tilkynnt rafveitustjóra skriflega.

Rafveitan áskilur sér sama uppsagnarfrést af sinni hálfu og notandi hefur samkvæmt framansögðu.

Tilkynning um breytingu á notkun frá einum gjaldskrárlið til annars er sama og uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja, og fer um það sem að ofan greinir.

Tilkynningu um flutning notanda úr einni íbúð í aðra, af einum stað á annan á orkusvæðinu, má afhenda á innheimtuskrifstofu rafveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara, ef um sams konar rafmagnsnotkun er að ræða í hinum nýja notkunarstað, ella skal um flutninginn gilda sem uppsögn á fyrri notkun og beiðni um nýja væri að ræða.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til er hann hættir notkun veitunnar og hefur sagt henni upp með þeim fyrirvara, sem hann hefur samkvæmt reglugerð þessari.

20. gr.

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Rafveitu Patreksahrepps nr. 214 2. október 1950.

Iðnaðarráðuneytið, 20. marz 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

22. marz 1972.

Nr. 72.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Barnaheimilissjóð hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“, Patreksfirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 22. marz 1972.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaheimilissjóð hjúkrunarfélagsins „Hjálpar“,
Patreksfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Barnaheimilissjóður hjúkrunarfélagsins Hjálpar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 300 króna gjöf frá hjúkrunarfélaginu „Hjálpar“ á Patreksfirði, á 10 ára afmæli félagsins 9. des. 1938.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. 100 króna árlegt framlag frá hjúkrunarfélaginu „Hjálpar“ á afmælisdegi félagsins.
- b. Arður af eignum sjóðsins.
- c. Áheiti og gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma upp sumarheimili í sveit fyrir börn úr Patreksfjarðarkaupþúni, sérstaklega veikluð börn, og starfrækja slíkt heimili, þegar það er komið upp.

5. gr.

Sjóðurinn ávaxtist í sparissjóðum eða bönkum og með kaupum á bankavaxta-bréfum eða öðrum tryggum verðbréfum. Vextir leggjast óskertir við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 300 000.00 krónur. Sjóðurinn má ekki reka lánastarfsemi.